



Starfsáætlun

SÍMEY - Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar 2026



Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Vottaðar námsleiðir.....	4-5
3. Verkefnastyrkir.....	5
3. Náms- og starfsráðgjöf.....	6
4. Almenn námskeið.....	6-7
6. Raunfærnimat.....	8
7. Náms- og starfsráðgjöf.....	8-9
8. Samstarf við atvinnulífið.....	9
9. Gæðamál.....	10
10. Samantekt og framtíðarsýn.....	11

Inngangur

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar er nú á sínu 26. starfsári og þjónustar sem fyrr breiðan hóp viðskiptavina bæði einstaklinga og fyrirtækja á Eyjafjarðarsvæðinu í heild sinni. Þetta er gert með því að bjóða lausnir við hæfi á sviði sí- og endurmenntunar og framhaldsfræðslu. Í starfsáætlun þessari er farið yfir þær áherslur sem eru fyrirsjáanlegar á árinu.

Helstu verkefni SÍMEY

Miðstöðin er sjálfseignarstofnun.

Daglegri starfsemi má í mjög grófum dráttum skipta á eftirfarandi hátt í eftirfarandi svið:

- **Fræðslusvið**
- **Fyrirtækjasvið**
- **Ráðgjöf og raunfærnimat**
- **Þróunarsvið**
- **Stoðsvið**

Námsver við utanverðan Eyjafjörð

Eftirtalin verkefni eru innan ofangreindra sviða:


- Dagleg umsjón með námskeiðum og þjónusta við námskeið sem eru í gangi
- Kynningar á starfsemi og símenntunarframboði SÍMEY
- Miðlun og umsjón með námi og námskeiðum annarra fræðsluaðila
- Skipulagning, hönnun og þróun nýrra námskeiða
- Samskipti og þjónusta við fræðsluaðila
- Náms- og starfsráðgjöf fyrir viðskiptavinum og innan atvinnulífs
- Þarfagreiningar innan fyrirtækja m.a. Fræðslustjóri að láni
- Umsjón með fyrirtækjaskólum/ eftirfylgni fræðsluáætlana
- Raunfærnimat (á mót námi og einnig viðmiðum atvinnulífsins)
- Fagbréf atvinnulífsins
- Hæfnigreiningar starfa
- Umsjón með námi fyrir fólk með fötlun
- Upplýsingamiðlun í gegnum heimasíðu miðstöðvarinnar og samfélagsmiðla
- Innsláttur og úrvinnsla gagna í nemendabókhaldi SÍMEY
- Þróunarvinna/ verkefni sbr. námskráargerð, þróun verkfæra.
- Ýmis sérverkefni

1. Vottaðar námsleiðir

Staðan: Fyrir árið 2026 var SÍMEY um úthlutað 76.392.000 kr. í vottaðar námsleiðir. Almennt séð hefur það fjármagn sem er að koma úr fræðslusjóði verið að dragast saman eða standa í stað. Úthlutun dregst saman milli ára sem er mikið áhyggjuefni þar sem mikil eftirspurn og þörf til staðar.

SÍMEY sótti um fjármagn talsvert langt umfram það sem fékkst úthlutað. Há umsóknarupphæð hefur undanfarið ekki endilega haft áhrif til hækkunar á úthlutun en sótt hefur verið um það sem miðstöðin telur þörf á og hefur getu til að framkvæma. Þess vegna var ákveðið að fækka ekki námsleiðum í umsókninni. Með tilkomu INNU fyrir framhaldsfræðsluna er verið að mæla mun nákvæmar námslok þátttakenda. Fyrir hvern þátttakanda sem fellur úr námi/brottfall skerðist fjármagn úr fræðslusjóði sem nemur 5%. Ljóst er að starf fræðsluaðila í framhaldsfræðslu er mjög kröfuhart og árangursmiðað.

Stefnt er á að fara af stað með eftirtaldar námsleiðir vorönn 2026:



Samtals vor: 59.898.000 kr. | Áætlun haust 2026: 22.809.000 kr. | Samtals 2026: 82.707.000 kr.

Námsframboð haustannar liggur ekki fyrir en fjárhags- og verkefnaáætlun gengur út á að bjóða upp á vottað nám sem nemur um 80.000.000 kr. á ársgrunni. Ljóst er að talsvert meira fjármagn þarf til að sinna þessum verkefnum á ársgrunni. Einhver umframkeyrsla verður í framkvæmd vottaðs náms sem gengur því á framlegð stofnunnar.

Megináhersla SÍMEY í vottuðu námi hefur verið að mæta markhópnum með aðgengilegum hætti m.a. að stuðla að því að hluti náms sé í fjar- eða dreifnámi þar sem það er hægt. Einnig hefur verið unnið að því að t.d. nám verði einnig stafrænt t.d. í starfstengdu námi. Til að mæta þeirri áskorun hefur miðstöðin leitað leiða til að koma náminu í farveg með ólíkum hætti og námsnálgunum. Önnur áhersla er að koma ákveðnum námsleiðum nær markhópnum og þá m.a. í samstarfi við hagaðila eins og Starfsendurhæfingu, VIRK og einnig í samstarfi við VMST.

Þjónusta við innflytjendur hefur aukist gríðarlega en miðstöðin hefur þó ekki getað boðið upp á lengri námsleiðir vegna lítilla fjárveitinga nema í takmörkuðu mæli.

4 verkefnastjórar sjá um vottað nám hjá SÍMEY í samstarfi við aðra verkefnastjóra og náms- og starfsráðgjafa.

2. Verkefnastyrkir

SÍMEY fékk um 6 MKR úthlutað í þróunarstyrk úr Fræðslusjóði á árinu 2024 til þriggja verkefna. Íslenska á Arabísku-myndbönd og stafrænt kennsluefni til stuðnings í kennslu fyrir þann málhóp. Græn umskipti- myndbönd og stafræn fræðsla í tengslum við þennan málaflokk. Námskrárgerð í þjónandi leiðsögn. Unnið hefur verið að þessum verkefnum á árinu 2025 og mun þeim öllum ljúka á árinu 2026. Fræðslusjóður hefur gefið út að ekki sé hægt að sækja um þróunarstyrki þangað á árinu 2026. Því má reikna með samdrætti hvað þetta varðar.

SÍMEY hefur einnig sótt um styrki í Sóknaráætlanir landshluta og Uppbyggingarsjóð. Unnið verður að slíkri umsókn á árinu í tengslum við ný verkefni á sviði loftlags- og umhverfismála. SÍMEY hefur komið að ýmsum þróunarverkefnum í samstarfi við atvinnulífið, verkefni sem hafa þann tilgang að efla menntun markhópsins og samkeppnishæfni atvinnulífs og samfélags. Skoða þarf áherslur 2026 í ljósi þarfa og eftir hverju er verið að kalla. Mikilvægt er að þróunarverkefni hafi skýra skírskotun inn í þær þarfir sem eru varðandi framþróun markhópa, samfélags og vinnu- markaðar. SÍMEY er einnig aðili að Erasmus+ menntaáætluninni.

6 verkefnastjórar og framkvæmdastjóri koma að vinnu við þróunarverkefni.

3. Náms- og starfsráðgjöf

Frá árinu 2006 hefur SÍMEY verið með samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um náms- og starfsráðgjöf í atvinnulífinu. Sá samningur hefur gert ráð fyrir ákveðnum viðtalafjölda á ári. Gerð er grein fyrir framgangi ráðgjafar á samráðsfundum, skýrslum og í INNU. Viðtalafjöldi er reiknaður eftir reiknilíkani FA.

Náms- og starfsráðgjöf er stór þáttur í starfsemi SÍMEY og veigamikill þegar kemur að því að virkja fólk til þátttöku í þeim fjölmörgu möguleikum sem í boði eru. Samningur við FA vegna 2026 hljóðar upp á 11 MKR, sem er sambærilegt þeirri upphæð sem fékkst árið á undan. Viðauki í samning er um ferðakostnað ráðgjafa sem verður nýttur í tengslum við utanverðan Eyjafjörð, í dreifðari byggðum. Gera má ráð fyrir að þetta sé ígildi um 650 viðtala á ársgrunni.

Áhersla ársins verður að halda utan um þátttakendur sem eru í námi og ekki síst þá sem eru í fjarnámi þar sem alltaf er ákveðin brottfallshætta. Tengja ráðgjöfina inn í markhópa eins starfsendurhæfing og einnig að nálgast erlenda hópinn betur, bæði þátttakendur á íslenskunámskeiðum og innflytjendur. Einnig hafa verið stigin skref í því að taka viðtöl við þátttakendur með skerta starfshæfni.

Hjá SÍMEY starfar 1 náms- og starfsráðgjafi. 5 aðrir starfsmenn sinna ráðgjöf

4. Almenn námskeið

SÍMEY er í samstarfi við stéttarfélög, starfsmenntasjóði og við aðrar símenntunarmiðstöðvar um almennt námskeiðahald fyrir þeirra félagsmenn. Stéttarfélögin hér á svæðinu eru m.a. Kjölur og Einnig lðja. Starfsmenntasjóðirnir Landsmennt og Sveitamennt sem og Mannauðssjóður Kjalar (Nú Katla) hafa stutt dyggilega við sína félagsmenn. Greiða þessir aðilar með beinum hætti fyrir sína félagsmenn, slíkt tryggir þátttöku og er afar hvetjandi. Mikil aukning hefur verið í þessu námskeiðahaldi og góð þátttaka. Námskeiðin eru bæði í stað- og fjar. Reikna má með að um 40-50 námskeið séu haldin á ársgrunni í þessu samstarfi.

Aukning hefur verið á liðnum árum í þátttöku á íslenskunámskeiðum (ÍSA) og má tengja það því að samfélagið er að verða fjölmenningarlegra og einnig hefur flóttafólki fjölgað mikið í Eyjafirði. Umfangið er þó bundið af þeirri úthlutun sem SÍMEY fær úthlutað frá RANNÍS. Úthlutun fyrir 2026 er um 17 MKR en framkvæmd SÍMEY á árinu 2025 var sambærileg framkvæmd síðustu ára. Fyrir árið 2026 fékkst styrkur fyrir 38 námskeiðum (stig 1-4) fyrir um 575 einstaklinga.

Vonir hafa staðið til þess að fjármögnun námskeiðanna breytist en nemendagjöld þurfa að til þess að hvert námskeið standi undir sér, framlegð er lítil miðað við kostnaðargreiningu hvers

námskeiðs. Fjármögnun hvers námskeiðs lagast milli úthlutunna en enn er langt í land til að einhver framlegð sé til staðar til að mæta vinnu við verkefnið og þróun.

Áhersla hefur verið að sinna hæfnimati í tengslum við bæði íslenskunámskeiðin og einnig atvinnuleitendur og aðstoða þennan hóp að staðsetja sig betur í íslenskufærni. Umrætt hæfnimat er orðið vel nothæft og hefur þróunarvinna snúið að því að tengja umrætt hæfnimat inn í kennsluaðferðir og einnig að kynna það hagsmunaaðilum. SÍMEY hefur þróað stafrænt stöðumat, sem styrkt var í gegnum þróunarstyrki fræðslusjóðs og unnið með einum stærsta tungumálaskóla Danmerkur. Þetta hæfnimat miðast við evrópska tungumálarammann.

Eins og fram hefur komið áður þá vantar skýrari stefnumótun af hálfu stjórnvalda varðandi íslensku sem annað mál, miðlæga námsskrá og faglega framtíðarsýn, stefnumörkun innan þessa málaflokks. Ef einhver framfaraskref verða tekin hér ekki síst gagnvart framhaldsfræðslunni þá væri slíkt til mikilla bóta.

Til margra ára hefur SÍMEY verið með samning við Dalvíkurbyggð, um námsver á Dalvík. Sveitarfélagið leggur til húsnæði fyrir starfsemina. Aðstaðan á Dalvík hefur verið eins og „móðurstöð“ fyrir starfsemina á Dalvík og líka fyrir t.d. Fjallabyggð. SÍMEY hefur aðstöðu einnig í Menntaskólanum á Tröllaskaga á Ólafsfirði og hjá stéttarfélaginu Einingu lðju í Fjallabyggð fyrir t.d. námskeiðahald og aðra þjónustu t.d. raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf og einnig er aðstaða til próftöku. Meginverkefnin við utanverðan Eyjafjörð hafa verið námskeiðahald í ÍSA, bæði staðbundinn og einnig innan vinnustaða.

2 verkefnastjórar halda utan um íslenskunám fyrir útlendinga og tveir sjá um stakt námskeiðahald.

Verkefnastjórar og framkvæmdastjóri sjá um að halda utan um starfsemina við utanverðan Eyjafjörð. 6 verkefnastjórar koma að verkefnum ásamt náms- og starfsráðgjafa.

6. Raunfærnimat

Stjórn Fræðslusjóðs hefur samþykkt úthlutun til SÍMEY upp á um 9.200.000 kr. fyrir árið 2026 í nýju raunfærnimatsverkefni. Þjónustugreinar: Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré, félagsliðar, matartækni, fisktækni, sjúkraliðabraut, ferðaþjónusta, skipstjórn, blandaðar iðngreinar og almenna starfshæfni. Áætlun þessa árs gerir ráð fyrir framkvæmd sem nemur styrksupphæð og gert er ráð fyrir þátttöku um 40-50 einstaklinga. Mikils niðurskurðar gætir í úthlutun vegna raunfærnimats, allt að 25% skerðing milli ára. Gera má ráð fyrir að heildareiningamat sé mögulega um 2500 framhaldsskólaeiningar.

Fjölmarginir samstarfsaðilar eru í þessum verkefnum. M.a. Fiskstækniskóli Íslands, IÐAN fræðslu-setur, Fræðslunet Suðurlands, Verkmenntaskólinn á Akureyri, fyrirtæki og stofnanir á svæðinu. Á árinu verður stefnt á að tilraunkeyra Fagbréf atvinnulífsins sem er nýtt verkfæri innan framhalds-fræðslunnar og var kynnt af hálfu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins á liðnu hausti. Á árinu er gert ráð fyrir að tilraunakeyra verkefni og er aðallega horft til 3ja sviða atvinnulífs en það er ferða-þjónusta, verslun og matvælaíðnaður.

Alls vinna tveir starfsmenn að raunfærnimati hjá SÍMEY. Verkefnastjóri og náms- og starfs-ráðgjafi. Þrír verkefnastjórar tengjast fagbréfum.

7. Nám fyrir fólk með fötlun

SÍMEY var með þjónustusamning við Fjölmennt unnið hefur verið að endurnýjun samnings til lengri tíma en á þessum tíma liggur það ekki fyrir hvenær nýr langtímasamningur verður gerður. Starfsemi Fjölmenntar hefur verið í ákveðinni endurskoðun bæði innan Fjölmenntar og af hálfu stjórnvalda, hvernig fjármögnun málaflokksins sé best fyrir komið. Ljóst er þó að málefni þessa markhóps eru ofarlega á baugi og hefur SÍMEY fulla trú á samstarfi og nýjum samningi þar sem hægt er að horfa fram á veginn til lengri tíma. Samningar hafa verið í formi viðauka á liðnum misserum. Samkvæmt starfsáætlun ársins 2026 er stefnt að því að halda um 40 - 50 námskeið fyrir um allt að 100 þátttakendur. Vilji er til að efla þennan málaflokk og fjölga þátttakendum og ef fjármögnun fæst verður unnið að því. Framlag hefur ekkert breyst til fjölda ára og heldur minnkað ef eitthvað er miðað við verðlag og er það orðið mjög hamlandi hvarðandi framþróun og standa undir þeim væntingum sem til okkar eru gerðar.

Haldið verður áfram að vinna eftir þeirri stefnu að sinna þeim hóp sem er á leið út á vinnu-markaðinn með því m.a. að bjóða þeim upp á námsleiðir FA, en það hefur gefið afar góða raun. Takmörkun á fjármagni úr fræðslusjóði gæti þó haft áhrif á þessa framvindu. Að tengja hópinn meir við samfélagið og stofnanir þess m.a. með markvissari markaðssetningu og nálgunum. Nýtt verkefni hófst innan framhaldsfræðslunnar á árinu 2024 Færni á vinnumarkaði. Námskráin

sem þetta nám byggir á er orðin hluti af námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og hefur það markmið að auka náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk. Þetta verkefni hefur verið unnið í samstarfi símenntunarmiðstöðvanna, Fjölmenntar, Vinnumálastofnunnar og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Ekki hefur tekist að ná af stað nýjum hópum hér á svæðinu vegna ákveðinna hindranna en þetta verkefni verður skoðað áfram og hvaða möguleikar eru í stöðunni. Kostnaðaráætlun ársins 2026 gerir ráð fyrir tæplega 15,2 MKR MKR rekstrarumfangi við námskeiðahalds fyrir fólk með fötlun. Einnig hefur SÍMEY einhverjar tekjur af námskeiðsgjöldum sem liggja milli 2-3 MKR.

Verkefnastjóri sinnir þessum verkefnum og er í hálfu stöðugildi.

8. Samstarf við atvinnulífið

SÍMEY heldur einnig utan um námskeiðahald innan fyrirtækja og stofnana undir merkjum fyrirtækjaskóla, gera má ráð fyrir um veltu í kringum 25 MKR vegna þeirrar starfsemi á ársgrunni. Megináherslan hefur verið að halda vel utan um þau verkefni sem í gangi eru. Umfang þessara verkefna hefur verið að aukast á liðnum misserum en þau njóta styrkja frá starfsmenntasjóðunum. Stóra fyrirtækjaskóla má nefna eins og fyrir Velferðasvið Akureyrarbæjar, Heilbrigðisstofnun Norðurlands og Grunnskólar Akureyrarbæjar. Námið fer fram bæði veflægt og staðbundið. Misjafnt er hvaða leiðir (kerfi) eru notaðar til að halda utan um námskeið innan fyrirtækjaskóla og almennt er reynt að finna hentugar lausnir. Allt nám sem fer fram á vegum SÍMEY er skráð í INNU nemendabókhald.

Samstarf og tengsl við atvinnulíf hefur almennt verið mikið á Eyjafjarðarsvæðinu. Samstarf við starfsmenntasjóðina og stéttarfélög varðandi verkefni undir hatti Fræðslustjóri að láni sem eru þarfagreiningaverkefni sem stuðlað hafa að samstarfi um fræðsluverkefni fyrir vinnustaði og útfærslu á fyrirtækjaskólum. Þessi verkefni ganga út á að aðstoða fyrirtæki við ýmis verkefni sem snúa að fræðslugreiningum, uppbyggingu og starfsþróun starfsmanna þeirra. Þarfagreiningin hefur gefið SÍMEY gríðarlega mikilvæga tengingu við atvinnulífið og hefur afurðin gjarnan verið fræðsluáætlun eða fyrirtækjaskóli sem SÍMEY hefur umsjón með. Fræðslugreiningar eru forsenda slíkra verkefna. Mikilvægt er að hugsa til þess að markhópur framhaldsfræðslunnar er í atvinnulífinu, innan fyrirtækja og stofnana og tekur gjarnan sín fyrstu skref í sí- og endurmenntun í tengslum við sitt starfsumhverfi.

Á árinu verður skoðað með fræðslustjóra að láni verkefni og í sumum tilvikum er verið að endurtaka fræðslugreiningar en ekki er óalgengt að vinna sé hægt úr slíkum greiningum á 3-4 árum. Eftir þann tíma er gjarnan tekin styttri útgáfa af greiningunni. Miklar og víðtækar þarfir eru að birtast í slíkum niðurstöðum.

Hjá SÍMEY starfa 2 ráðgjafar sem koma að fræðslugreiningum.

9. Gæðamál

SÍMEY hefur EQM+ gæðavottun og tekur hún til hönnunar, þróunar og umsýslu náms í fullorðins-fræðslu, náms og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Miðstöðin fór í gegnum nýtt vottunarferli haustið 2024 og fékk vottun út árið 2027. SÍMEY fékk fyrst árið 2012 EQM gæðavottun fyrir fræðslustarf en þessi endurnýjaða vottun er víðtækari og tekur, sem fyrr segir, einnig til náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats (EQM+). EQM stendur fyrir European Quality Mark og er Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vottunaraðili hér á landi.

EQM+ er evrópskt, gegnsætt matsferli fyrir fræðsluaðila sem er hannað til þess að mæta auknum kröfum um gagnsemi náms og gæðaviðmið fyrir fræðsluaðila utan hins formlega skólakerfis. Meðal annars er horft til gæða þjónustunnar sem er veitt, innri gæðastjórnunar, verklagsreglna og hvernig núverandi starfshættir ríma við viðurkennd gæðaviðmið. Mikil áhersla er á gæðamál innan SÍMEY og verður því viðhaldið öllu starfi miðstöðvarinnar. Allt innra starf miðstöðvarinnar hefur verið endurskoðað og lærdómur. Umbótaáætlun er til staðar, atvikaskráning, sem og yfirlit yfir verkferla. Innra mat, gæðamarkmið og gæðahandbók er aðgengileg á heimasíðu miðstöðvarinnar.

Allir starfsmenn og teymi koma að gæðamálum. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á málaflokknum.

10. Samantekt og framtíðarsýn

Áhersla ársins 2026 verður að halda áfram því starfi sem er að bera góðan árangur m.a. er lýtur að umsýslu verkefna innan framhaldsfræðslunnar; miðlun og þróun vottaðs náms, raunfærnimati og náms- og starfsráðgjöf sem og að mæta þeim áskorunum sem til okkar koma m.a. að því er lýtur að fjölmenningu; íslenskunámskeið og þjónusta við innflytjendur, þar hefur borið á stöðugum vexti. Halda utan um gott samstarf við stéttarfélög og starfsmenntasjóði sem tengir okkur inn í verkefni atvinnulífs og við mikilvæga markhópa. Áhersla verður einnig á að sinna og þróa leiðir til að ná til fólks með skerta starfshæfni í okkar samfélagi.

Miklar og hraðar samfélagsbreytingar eru nú og afar mikilvægt að framhaldsfræðslan hafi getu og stuðning til að mæta þeim. Innan framhaldsfræðslukerfisins liggja gríðarleg tækifæri sem hægt er að nýta til að efla samfélög og tryggja jafnræði og jafnrétti til náms og þekkingaröflunar.

Innan framhaldsfræðslunnar og símenntunarmiðstöðvanna búa miklir möguleikar til að byggja á til að mæta þeim hröðu samfélagsbreytingum sem eru löngu hafnar. Mikilvægt er að fanga þá krafta sem búa í þessu kerfi og taka raunverulega ákvörðun um að Ísland ætli sér að vera í fremstu röð með slíkt kerfi sem hefur jafnræði til náms og hæfniuppbyggingar að leiðarljósi.

Það er von okkar hjá SÍMEY að nýtt ráðuneyti málaflokksins taki kerfið upp á sína arma og varði því sem bestan framgang svo að það nýtist sem best í þágu íslensks samfélags.

Akureyri 27.02. 2026



Valgeir Magnússon
Framkvæmdastjóri SÍMEY